

**A 1619/velferd**

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12

Nefndarálit velferðarnefndar um

Þingmannatillögu um að auka norrænt samstarf um reglur um au pair-vist í löndunum

1. Tillaga nefndarinnar

Velferðarnefndin styður þingmannatillögu 1619/velferð þar sem lagt er til að auka norrænt samstarf um reglur um au pair-vist í löndunum með eftirfarandi aðgerðum:

að þær vinni greinargerð í formi stöðuskýrslu um au pair-fyrirkomulagið sem hægt verði að styðjast við í starfi sem varðar au pair-fyrirkomulagið;

að þær standi að ráðstefnu í þeim tilgangi að greina, lýsa og beina sjónum að au pair-fyrirkomulaginu á Norðurlöndum. Markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning í áframhaldandi starfi varðandi au pair-fyrirkomulagið;

að þær meti hvort ástæða sé til að semja sameiginlegar reglur, þegar fram líða stundir, um au pair-fyrirkomulagið á Norðurlöndum. Málsliðirnir tveir hér að framan eiga að stuðla að því að sameiginlegar reglur verði samdar með tíð og tíma.

2. Forsaga

Velferðarnefndinni hefur borist þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna um að auka norrænt samstarf um au pair-vistráðningar en það er fyrirkomulag sem tíðkast í öllum löndunum. Forsaga þingmannatillögunnar er sú að löndin hafa gripið til ýmissa aðgerða varðandi au pair-vistráðningar til þess að koma í veg fyrir að brotið sé á réttindum, skyldur vanræktar, kerfið misnotað eða í versta falli að fólk lendi í aðstæðum sem líkja mætti við þrælkun eins og dæmi eru um víða annars staðar.

Í þingmannatillögunni kemur fram að æ fleiri konur leita aðstoðar og ráðgjafar á Au Pair Center í Ósló í Noregi, sem rekin er af Norsk Folkehjelp

(sjálfboðaliðasamtökum), en það eru konur sem veigra sér við að hafa samband við lögreglu eða yfirvöld.

Velferðarnefndin hefur rætt við *Magnhild Otnes*, forstöðukonu Au Pair Center í Ósló og *Anne Gry Rønning-Aaby*, lögfræðing hjá Fagforbundet og ráðgjafa Au Pair Center í Noregi. Skrifstofan heimsótti Au Pair Center í Ósló í Noregi og hefur átt samskipti við starfsfólk hennar. Það hefur Sonja Mandt (AP) NO, flutningsmaður tillögunnar einnig gert.

Velferðarnefndin hefur um margra ára skeið unnið ötullega að málefnum mansals, hins „nýja þrælahalds“, með áherslu á að afhjúpa nauðungarvinnu í ýmsum samfélagsgeirum, þar á meðal landbúnaði, hótél- og veitingahúsarekstri, ræstingum, byggingaiðnaði, au pair-vist og vændi. *Sonja Mandt (AP) NO* og fulltrúi skrifstofunnar störfuðu í vinnuhópi þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC) en Line Barfod, fyrrum fulltrúi í velferðarnefndinni, leiddi það starf fram að dönsku þingkosningunum 2011.

Á fundi velferðarnefndarinnar í janúar 2015 var samráðsfundur með *Evu Biaudet*, umboðsmanni minnihlutahópa og skýrslugjafa um stöðu mansalsmála í heimalandi sínu. Hún greindi frá starfi sínu í Finnlandi og tjáði sig um þingmannatillöguna.

3. Umsagnir

Skrifstofa velferðarnefndar hefur leitað álits tveggja nefnda Norðurlandaráðs, borgara- og neytendanefndar og efnahags- og viðskiptanefndar, á þingmannatillögu a/1619/velferd um að auka norrænt samstarf um reglur um au pair-vist í löndunum.

Borgara- og neytendanefndin

Borgara- og neytendanefndin telur au pair-ráðningarkerfið hafa gott orð á sér en jafnframt sé mikilvægt að sporna gegn félagslegu undirboði/misnotkun á vinnuafli. Mikilvægt er að tryggja réttindi fólks sem ræðst í au pair-vist á Norðurlöndum. Nefndin telur þörf á frekari upplýsingum og leggur því til að haldinn verði sameiginlegur fundur/ fyrirspurnaþing næst þegar Norðurlandaráð fundar um málið.

Velferðarnefndin bendir á að borgara- og neytendanefndin taki undir þau orð að bæta þurfi réttindi fólks sem ræðst í au pair-vist. Borgara- og neytendanefndin móttækur framsetningu þessa fyrir næsta fund og mun velferðarnefndin spyrja borgara- og neytendanefndina hvort hún telji sig hafa fengið nægilegar viðbótarupplýsingar til þess að geta lagt mat á aðgerðartillögurnar í þingmannatillögunni um að auka norrænt samstarf um au pair-vist í löndunum.

Efnahags- og viðskiptanefndin

Efnahags- og viðskiptanefndin telur málefni au pair-vistráðninga á Norðurlöndum áhugaverð þar sem upphaflegt markmið au pair-ráðninga, það er að miðla menningarsamskiptum ungmenna og fjölskyldna í hinum ýmsu gestgjafalöndum er að breytast í dulbúið vinnumarkaðstæki með greinilegum merkjum misneytingar. Efnahags- og viðskiptanefndin styður fyrsta málsliðinn sem fjallar um þörf á að vinna greinargerð um au pair-ráðningarkerfið í norrænu löndunum. Efnahags- og viðskiptanefndin vill hins vegar bíða áttekta með hina tvo málsliði þingmannatillögunnar, það er að efna til ráðstefnu og íhuga sameiginlegar reglur. Efnahags og viðskiptanefndin telur tvo síðustu málsliðina fara eftir því sem kemur út úr skýrslunni.

Norðurlandaráð

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12

4. Sjónarmið nefndarinnar

Tilgangurinn með au pair-ráðningarkerfinu

Au pair-ráðningarkerfið var upphaflega hugsað sem menningarsamskipti, til þess að veita ungmennum á aldrinum 18 til 30 ára tækifæri á að kynnst tungumáli og menningu annarra þjóða og gestgjafafjölskyldunni að kynnst menningu au pair-ungmennisins. Au pair-ungmennið gætir barna og sinnir léttum húsvörkum og fær að launum fæði og húsnæði, vasapening og tungumálanámskeið. Au pair-ungmennið og gestgjafafjölskyldan eiga að hafa gagnkvæma gleði af því að tveir ólíkir heimar mætast.

Flest ungmenni sem ráðast í au pair-vist eru stúlkur en piltar eru um 5%. Um er að ræða glæsilegt ráðningarkerfi sem hefur gefið fjölda ungra Norðurlandabúa kost á að öðlast starfsreynslu og kynnst tungumálum og menningu í norrænu nágrannalandi eða annars staðar í útlöndum, og eins hafa mörg ungmenni frá öðrum löndum kynnst tungumálum og menningu Norðurlanda.

Au pair er franska og þýðir að „standa einhverjum öðrum jafnfætis“. Au pair-ungmennið á þannig að vera hluti af fjölskyldunni en ekki aðeins barnapía eða vinnukona svo notað sé gamalt orð um húshjálp. Reynslan sýnir að töluvert er um að gestgjafafjölskyldur líti fram hjá því að au pair-ungmennið eigi að standa fjölskyldunni jafnfætis. Í þeirra augum sé au pair-ráðningarkerfið leið til þess að fá unnin verk á heimilinu en þær hirða ekki um að gefa au pair-ungmenninu kost á að læra tungumál eða kynnst menningu dvalarlandsins. Að sjálfsögðu getur au pair-ungmennið létt undir í dagsins önn en hún eða hann er fyrst og fremst ungmenni sem gestgjafafjölskyldan á að hafa áhuga á að kynnst. Með því að kynnst nýrri menningu verður daglegt líf litríkara hjá fólki óháð aldri. Kerfið sjálft er hannað með það í huga að au pair-vistin sé meira en vinna. Hún á að leiða til raunverulegra menningarsamskipta þar sem au pair-ungmennið lærir norrænt tungumál dvalarlandsins og fær tíma og tækifæri til þess að kynnst menningu þess.

Kerfið hefur reynst vel í fjölda ára, fyrir norræn ungmenni og einnig ungmenni sem koma til Norðurlanda frá öðrum löndum. Í byrjun voru það norræn ungmenni sem réðu sig í au pair-vist í útlöndum en nú er algengast að Norðurlöndin taki á móti au pair-ungmennum, einkum frá Asíu og Austur-Evrópu. Breytingar þessar reyna á reglur landanna um au pair-leyfið og hvernig við beitum þeim en ef við tökum Noreg sem dæmi þá ráðast um 3000 ný ungmenni í au pair-vist þar í landi á hverju ári.

Reglur um au pair-leyfi

Evrópuráðið setti reglur um au pair-leyfi árið 1969 og voru þær staðfestar 1971. Þrátt fyrir að löndin hafi undirritað samninginn geta þau sett sér eigin reglur, meðal annars um hvort au pair-vistráðning sé háð dvalarleyfi eða atvinnuleyfi. Auk Noregs og Danmerkur eru það aðeins Frakkland, Ítalía og Spánn sem fylgja þessum reglum. Ástæðan er meðal annars sú að ríkisstjórnir annarra landa, þeirra á meðal Þýskaland og Lúxemborgar, telja reglurnar ekki fullnægjandi.

Allan þennan tíma hefur verið rætt hvort kerfið þjóni enn upphaflegum tilgangi í þágu menningarsamskipta, eða hvort þetta sé leið au pair-ungmenna til þess að fá atvinnu/tekjur í öðru landi og gestgjafafjölskyldunnar til þess að fá sér ódýrt vinnuafli.

Menningarmunur og valdajafnvægi milli au pair-ungmennis og gestgjafafjölskyldunnar

Ein ástæða þess að vandræði geta komið upp í au pair-vist er sú að mörg þeirra au pair-ungmenna sem koma til Norðurlanda annars staðar að en frá Evrópu, eru alin upp í fátækt þar sem aðrar menningarlegar reglur

Norðurlandaráð

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12

gilda en við þekkjum á Norðurlöndum. Au pair-ungmennum hefur fjölgað töluvert í Noregi og þau koma æ oft frá fátækari og vanþróaðri löndum en Noregi. Um 85% þeirra sem fengu au pair-leyfi á árunum 2013 og 2014 eru filippseyskir ríkisborgarar.

Norðurlandaráð

Í norskri meistararitgerð frá árinu 2011 kemur fram að au pair-leyfin í Noregi séu aðallega notuð til innflutnings á ódýru vinnuafli í störf sem heimamenn hafa hvorki löngun né tíma til þess að vinna. Kerfið í dag virkar sjaldan eins og það var hugsað í upphafi: Au pair-ungmennin eru ekki „au pair“ (jafnfætis) heldur ódýr húshjálp. Þar sem au pair-ungmennin eru erlendir ríkisborgarar eru þau nánast ókeypis vinnuafli fyrir móttökulandið þar sem þeim fylgir enginn kostnaður. Au pair-ungmennin borga skatta af fæði og húsnæði og fá fyrir vikið aðeins útborgaðar um 2.500 no. kr. á mánuði. Ætla má að aðstæður séu svipaðar annars staðar á Norðurlöndum.

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12

Velferðarnefndin bendir á að valdajafnvægi au pair-ungmennisins og gestgjafafjölskyldunnar geti raskast þar sem fjölskyldan er oft efnamikil, talar málið og þekkir kerfið. Því verður að hvetja fjölskyldurnar til þess að átta sig á hugsanlega valdamisvægi og telur velferðarnefndin að setja þurfi reglur til þess að auka öryggi au pair-ungmenna sem koma til Norðurlanda og koma þannig í veg fyrir að þau verði beitt mismunun sem brýtur í bága við grundvallarreglur au pair-vistráðningarkerfisins.

Æ algengara er að fólk kaupi sér húshjálp. Því verður fræðslustarf stórt verkefni í því skyni að hafa áhrif á viðhorf fólks og tryggja viðunandi meðferð. Að sjálfsögðu getur au pair-ungmennið létt undir í dagsins önn en hún eða hann er fyrst og fremst ungmenni sem gestgjafafjölskyldan á að hafa áhuga á að kynnast. Með því að kynnast nýrri menningu verður daglegt líf litríkara hjá fólki óháð aldri.

Norsk Folkehjelp, sem rekur Au Pair Center, bendir á að Norðurlandabúar séu vanir jafnræðismenningu og þekki því lítið til landsföðurhyggju í samskiptum fólks. Langt er síðan vinnuhjú í löndum okkar voru svipt lögræði með húsbóndavaldi en því lauk þegar farið var að gera samninga á vinnumarkaði. Norsk Folkehjelp bendir á að mörg au pair-ungmenni komi frá menningarheimum með mjög ríkri landsföðurhyggju. Mörg þeirra vænti þess að samskiptin við gestgjafafjölskyldurnar byggist á umönnun og eftirliti af hálfu fjölskyldunnar og að au pair-ungmennið sýni ósjálfstæði í samræmi við það. Au Pair Center, sem Norsk Folkehjelp rekur, hefur afhjúpað fjölda dæma um mansal og sannanir eru fyrir mörgum tilvikum kynferðislegrar misneytingar og grófrar þrælkunar á au pair-ungmennum.

Velferðarnefndin veitir því athygli að menningarmunur og ólíkar væntingar geta valdið vandræðum fyrir báða aðila sem að au pair-vistinni koma. Þegar au pair-vistin verður að nokkurs konar húshjálp reynir á jafnréttis- og lýðræðishugmyndir í okkar norræna menningarheimi. Mörg au pair-ungmenni koma úr sárri fátækt og vænta þess að staða þeirra sé staða þjónsins. Þetta hefur einnig áhrif á börnin í gestgjafafjölskyldum sem eru vanar að hafa húshjálp.

Þörf á samstarfi á Norðurlöndum

Okkur ber skylda til þess að tryggja að au pair-kerfið leyfi ekki misneytingu á fólki. Til þess að koma í veg fyrir valdamisvægi milli au pair-ungmennis og fjölskyldu telur velferðarnefndin nauðsynlegt að formfesta au pair-leyfin enn frekar. Óformleg kerfi auka hættu á því að au pair-ungmenni verði misnotuð sem ódýrt vinnuafli. Margar hugmyndir um aðgerðir hafa fæðst á fundum sem velferðarnefndin hefur átt, með m.a. Au Pair Center í Noregi, Fagforbundet og Børnerådet í Danmörku, t.d. að tryggja góða samninga og að au pair-ungmennum verði gert kleift að skrá sig í stéttarfélag. Aðrar mikilvægar aðgerðir felast í því að tryggja góða samninga, tryggingar, umsaminn vinnutíma (þar sem meðal annars

vinnudagar og frídagar eru tilgreindir), að báðar ferðir verði greiddar, að „vasapeningar“ hækki og góða réttarstöðu au pair-ungmennisins í dvalarlandinu.

Norðurlandaráð

Myndin er þó ekki svo einföld því fáein au pair-ungmenn kjósa frekar óformlegt kerfi sem þeim finnst henta sér betur. Velferðarnefndin telur því mikilvægt að standa að góðri fræðslu fyrir ungmenni sem ráðast í au pair-vist á Norðurlöndum.

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fyrirspurn sem *Sonja Mandt*, (Ap), fulltrúi í velferðarnefnd, lagði fram á Stórþinginu, leiddi í ljós að vandamálin á Norðurlöndum eru mest í Danmörku en minnst í Finnlandi. Au pair-vistráðningarkerfin í Noregi og Danmörku eru svipuð en í báðum löndum hefur reglunum verið breytt í þá veru að veita au pair-ungmennunum betri vernd.

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Danmörk samdi nýjar reglur um au pair-leyfi í desember 2014. Dönsku reglurnar skapa öruggari aðstæður fyrir au pair-ungmennin og skýr mörk eru dregin á milli húsverka og frítíma. Fyrir utan vikulegan frídag eiga þau rétt á hálfum frídegi einu sinni í viku og frí á öllum opinberum helgidögum í Danmörku. Vasapeningurinn nemur 4.000 da. kr. á mánuði og ber gestgjafafjölskyldunni að greiða hluta af kostnaði við dönskukennslu au pair-ungmennisins og flugmiða til Danmerkur.

Málsnúmer 14-00113-12

Finnland hefur ekki undirritað samning Evrópuráðsins og fáir eru í au pair-vist þar í landi. Hugsanleg skýring er sú að Finnar gera strangari kröfur, meðal annars um að au pair-ungmennin hafi lært tungumálið fyrirfram. Í Svíþjóð er erfitt að fá atvinnuleyfi ef ungmennið kemur beint úr au pair-vist í öðru landi og þar af leiðandi hefur umsóknnum fækkað þar í landi.

Norðurlönd eru sameiginlegur markaður og velferðarnefndin tekur eftir því að mörg au pair-ungmenn byrja á því að vinna í einu landi og halda síðan áfram í öðru. Noregur er vinsælasta landið vegna þess hvað vasapeningurinn er hár, 5.400 no. kr. á mánuði, og þar af leiðandi eru málin flest þar í landi.

Í Noregi eru fjölskyldur sem misnota kerfið settar í bann. Reglurnar eru nýjar og gengu í gildi 1. júlí 2013. Bann getur verið fyrirbyggjandi og varið au pair-ungmennin gegn óhóflegum þrýstingi frá fjölskyldunum. Fimm fjölskyldur hafa þegar verið settar í bann og 14 önnur mál bíða afgreiðslu.

Velferðarnefndin tekur eftir ummælum frá 15. júní 2015 sem höfð eru eftir formanni norska alþýðusambandsins, *Gerd Kristiansen*, en hann er afar gagnrýninn á kerfið og telur að eigi að leggja það niður vegna grófrar misnotkunar af hálfu gestgjafafjölskyldnanna.

www.dn.no/nyheter/politikk/Samfunn/2015/06/15/0554/lo-mener-au-pairordningen-m-fjernes

5. Niðurstaða

Þörf á því að beita sér fyrir norrænum reglum

Velferðarnefndin vísar til umsagnarferlis hjá tveimur öðrum nefndum Norðurlandaráðs, borgara- og neytendanefnd og efnahags- og viðskipta-nefnd.

Niðurstaða velferðarnefndarinnar er sú að nú liggi fyrir nægilegar upplýsingar um au pair-vistráðningarkerfið til þess að draga megi þá ályktun að au pair-kerfið þjóni ekki lengur tilgangi sínum og að aukin hætta sé á því að það verði aðallega ungar konur frá fátækum löndum sem komi til Norðurlanda sem ódýrt vinnuafn en ekki til þess að njóta menningarsamskipta sem kerfinu er ætlað að miðla.

Velferðarnefndin telur nauðsynlegt og rétt að samdar verði sameiginlegar reglur á Norðurlöndum til þess að vistráðningarferlið leiði aftur til

menningarsamskipta en verði ekki aðferð til þess að níðast á fólki sem er minni máttar og stendur illa að vígi.

Au pair-vist er oft eina tækifæri margra til þess að komast til Norðurlanda og leggur velferðarnefndin áherslu á að löndunum beri skylda til þess að fylgjast með og standa vörð um aðstæður þessa fólk eins vel og unnt er. Til eru leiðbeiningar um hvaða verkum eigi að sinna í vistinni.

Það fer hins vegar eftir löndum hvort vistin krefst dvalarleyfis eða atvinnuleyfis. Hugsanlega mætti skilgreina betur hvað felst í léttum húsvörkum og setja kröfu um tryggingar og greiðslu heimferðar. Einnig mætti gera kröfur um tungumál, leyfi til náms og hreinræktaðri menningarsamskipti. Þá þarf að vega og meta hvort takmarka eigi heildartímabil au pair-vistar og fjölda þeirra landa þar sem ungmenni geta ráðist í au pair-vist.

Með hliðsjón af framangreindu styður velferðarnefndin þingmannatillöguna: A 1619/velferd um að auka norrænt samstarf um reglur um au pair-vist í löndunum.

Velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær vinni greinargerð í formi stöðuskýrslu um au pair-fyrirkomulagið sem hægt verði að styðjast við í starfi sem varðar au pair-fyrirkomulagið;

að þær standi að ráðstefnu í þeim tilgangi að greina, lýsa og beina sjónum að au pair-fyrirkomulaginu á Norðurlöndum. Markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning í áframhaldandi starfi varðandi au pair-fyrirkomulagið;

að þær meti hvort ástæða sé til að semja sameiginlegar reglur, þegar fram líða stundir, um au pair-fyrirkomulagið á Norðurlöndum. Málslíðirnir tveir hér að framan eiga að stuðla að því að sameiginlegar reglur verði samdar með tíð og tíma.

Nuuk, 22. júní 2015

Bente Stein Mathisen (H)

Christian Beigar (ÅSD)

Helgi Abrahamsen (sb)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Karin Gaardsted (S)

Lennart Axelsson (S)

Penilla Gunther (KD), formaður

Richard Jomshof (SD)

Sonja Mandt (A)

Norðurlandaráð

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12

Þingmannatillaga um að auka norrænt samstarf um reglur um au pair-vist í löndunum

Lagt er til að hafin verði rannsókn í því skyni að kanna möguleika á því að auka samstarf um málefni *au pair*-vistráðningarkerfisins, þar á meðal að setja sameiginlegar norrænar reglur með það fyrir augum að koma í veg fyrir misnotkun á *au pair*-vistráðningarkerfinu.

Au pair er franska og þýðir að „að standa einhverjum jafnfætis“, þannig að *au pair*-stúlkun og gestgjafafjölskyldan eiga að vera „jafningjar“. Ef litið er á hvernig au pair-vistráðningarkerfið hefur breyst virðist hugmyndin um menningarsamskipti þar sem tveir menningarheimar mætast „jafnfætis hvor öðrum“ vera meira eða minna dottin upp fyrir.

Upphaflega hugmyndin um *au pair*-vist fjallaði um menningarsamskipti. Gefa átti ungu fólki kost á að ferðast út í heim og sjá fyrir sér með barnagæslu og húsverkum hjá erlendri fjölskyldu. *Au pair*-ungmennið fær frítt fæði og húsnæði og vasapeninga að launum. Tilgangurinn með vistinni var sá að au pair-ungmennið kynntist menningu annarrar þjóðar þar sem bæði ungmennið og gestgjafafjölskyldan hefðu gleði af því að tveir ólíkir heimur mættust.

Nú er raunveruleiki au pair-ungmenna oft allt annar. Í sumum tilvikum minnir vistin helst á alvarlega misnotkun á ódýru vinnuafli sem skapað getur félagslegt undirboð og í verstu tilvikum kynferðislega misneytingu. Gert er ráð fyrir að ungmenni komi erlendis frá til þess að kynnast landi og þjóð, en oft er um að ræða fullvaxnar konur, oft mæður, sem yfirgefa heimalönd sín og fjölskyldu í leit að launavinnu.

Mikil fjölgun hefur orðið á undanförunum tíu árum á au pair-stúlkum sem koma til Norðurlanda til þess að vinna hjá barnafjölskyldum. Oft eru lág laun í boði og vinnuaðstæður sem brjóta í bága við gildandi samninga í viðkomandi landi. Au pair-stúlkurnar komast að raun um að þær eru láttnar vinna miklu fleiri klukkustundir á dag en kveðið er á um í

ráðningarsamningum og að gestgjafafjölskyldurnar virða réttindi stúlkanna að vettugi. Vandamálið er ekki óþekkt á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð

Hjá Au Pair Center í Ósló, sem rekin er á vegum Norsk Folkehjelp, verður fólk vart við sívaxandi fjölda *au pair*-stúlkna sem leita sér aðstoðar og ráðgjafar. Au Pair Center var sett á laggirnar einmitt til þess að aðstoða *au pair*-ungmenn og veita þeim ráðgjöf, en oft hafa þau ekki í önnur hús að venda þegar þau komast að því að ráðningarkjör þeirra eru ekki í samræmi við gerða samninga eða þegar þau verða fyrir kynferðislegri áreitni. Starfsfólk Au Pair Center í Ósló verður einnig vart við að *au pair*-stúlkurnar veigra sér við að leita til lögreglu eða yfirvalda því þær líta á það sem feimnismál sem geti leitt til útskúfunar úr *au pair*-samfélaginu á viðkomandi stað. Þá óttast margar *au pair*-stúlkur að þær verði handteknar og þeim vísað úr landi ef þær leita til yfirvalda. Au Pair Center staðfestir að herða þurfi reglur varðandi réttindi *au pair*-ungmenna. Þess eru dæmi að *au pair*-ungmennum hafi verið vísað af heimilinu þegar þau hafa kvartað undan kjörum sínum og að gestgjafafjölskyldurnar hafi jafnvel hnýst í einkaeigur *au pair*-ungmennisins og losað sig við allt sem viðkemur ráðningunni og fjarlæggt þannig öll sönnunargögn fyrir tengslum *au pair*-ungmennsins við fjölskylduna.

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12

Mariya Stoyanova Bikova, styrkþegi við félagsfræðistofnun Björgvinjarháskóla, kom til Noregs frá Búlgaríu árið 2002 og réðst í *au pair*-vist. Hún vann að doktorsritgerð um stúlkur frá Filippseyjum sem ráðast í *au pair*-vist í Noregi og fjallar meðal annars um afleiðingar *au pair*-vistarinnar á stúlkurnar.

Að sögn Mariya Stoyanova Bikova hefur fjöldi *au pair*-stúlkna frá Filippseyjum í Noregi aukist verulega á undanförunum tíu árum. Ekkert bendir til þess að vinsældir Noregs fari dvínandi meðal filippseyskra *au pair*-stúlkna. Þvert á móti virðist Noregur vera einstaklega aðlaðandi áfangastaður *au pair*-ungmenna, meðal annars vegna þess að boðið er upp á veglegan vasapening (5200 no. kr. á mánuði fyrir skatt), ókeypis norskunámskeið og strætisvagnakort auk þess sem fjölskyldunni er skylt að borga tryggingu fyrir *au pair*-stúlkuna. Noregur er jafnframt eitt þeirra landa sem taka við einstaklingum sem hafa verið í *au pair*-vist í öðrum löndum. Þannig getur kona frá Filippseyjum sem óskar eftir því að verja eins löngum tíma í Evrópu og unnt er, byrjað í vist í öðru landi, sem tekur á móti *au pair*-stúlkum, áður en hún heldur áfram til Noregs.

Mariya Stoyanova Bikova greinir frá því að þegar reynir á norsku *au pair*-reglurnar, sé margt gert til þess að auka fræðslu um skyldur og réttindi beggja aðila, þ.e. *au pair*-stúlkunnar og gestgjafafjölskyldunnar. Engu að síður séu mörg dæmi þess að *au pair*-stúlkur sæti illri meðferð. Oft sé um að ræða *au pair*-stúlkur sem eru skikkaðar til þess að vinna aukavinnu, til dæmis við barnagæslu, en einnig mun alvarlegri mál sem varða kynferðisofbeldi og mansal.

Au Pair Center í Ósló er ný af nálinni og miðstöðin virðist vinna gott og þarft starf, fræðslu en einnig aðstoð við *au pair*-ungmenn og gestgjafafjölskyldurnar auk þess sem *au pair*-stúlkunum er boðið upp á ýmis námskeið og aðra starfsemi.

Mariya Stoyanova Bikova telur að beina þurfi sjónum frekar að *au pair*-vistráðningarkerfunum á Norðurlöndum – að auka þurfi fræðslu fyrir gestgjafafjölskyldur og *au pair*-stúlkur um skyldur og réttindi, en einnig að koma í veg fyrir misnotkun á reglunum. Noregur er vinsæll meðal *au pair*-stúlkna og því er vert að benda á að fjöldi *au pair*-ungmenna frá Filippseyjum mun halda áfram að aukast eftir að ferðabanni var aflétt í Filippseyjum í júní 2010 – svonefndu *Ban on Deployment of Filipino au pairs to Europe* frá árinu 1998.

Um leið og banninu var aflétt voru gerðar ýmsar lagabreytingar sem gera það enn meira aðlaðandi fyrir filippseyskar au pair-stúlkur að fara meðal annars til Noregs þar sem í boði er mikill vasapeningur, tungumálanámskeið og lögbundin trygging vegna sjúkdóma eða andláts. Önnur mikilvæg lagabreyting kveður á um að einstaklingar sem bera ábyrgð á umönnun barns í heimalandinu geti ekki lengur ráðist í au pair-vist í Noregi. Þannig á að koma í veg fyrir að foreldrar yfirgefi börn sín til þess að ráðast í au pair-vist. Lagabreytingarnar hafa þau áhrif að einstaklingar, sem bera ábyrgð á umönnun barns, reyna stundum að fela barnið með því að upplýsa ekki um það í umsókn sinni um dvalarleyfi í Noregi. Þannig aðstæður gera það að verkum að au pair-stúlkan stendur illa að vígi og er óvarin gagnvart misneytingu.

Í Danmörku er það stéttarfélagið FOA og KIT (Kirkens Integrations-Tjeneste) sem fylgjast með og aðstoða au pair-ungmennin með lögfræðihjálp, persónulegri ráðgjöf og félagsstarfi.

Með hliðsjón af framangreindu leggja Anders Karlsson (S), Christer Adelsbo (S), Christian Beijar (ÅSD), Eeva-Johanna Eloranta (sd), Karen J. Klint (S) og Sonja Mandt (A) til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær vinni greinargerð í formi stöðuskýrslu um au pair-fyrirkomulagið sem hægt verði að styðjast við í starfi sem varðar au pair-fyrirkomulagið;

að þær standi að ráðstefnu í þeim tilgangi að greina, lýsa og beina sjónum að au pair-fyrirkomulaginu á Norðurlöndum. Markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning í áframhaldandi starfi varðandi au pair-fyrirkomulagið;

að þær meti hvort ástæða sé til að semja sameiginlegar reglur, þegar fram líða stundir, um au pair-fyrirkomulagið á Norðurlöndum. Málslíðirnir tveir hér að framan eiga að stuðla að því að sameiginlegar reglur verði samdar með tíð og tíma.

Akureyri, 7. apríl 2014

Anders Karlsson (S)
Christer Adelsbo (S)
Christian Beijar (ÅSD)

Eeva-Johanna Eloranta (sd)
Karen J. Klint (S)
Sonja Mandt (A)

Norðurlandaráð

A 1619/velferd

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00113-12